

## Aðalheiður Anna er 26 ára í dag



Ljósmynd/Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir

Sátt Aðalheiður Anna vann til verðlauna í Meistaradeildinni í vetur.

## Fæddist með hesta-áhuga sem lifir enn

Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir fagnar tuttugu og sex ára afmælisdegi sínum í dag og ætlar að eyða honum í fadmi fjölskyldunnar yfir góðum mat. Hún á von á barni í október næstkomandi og bíður spennu eftir að hitta þá nýju viðbót við fjölskylduna.

Þess utan eiga hestarnir hug hennar allan, en Aðalheiður hefur gert hestamennskuna bæði að atvinnu og áhugamáli sínu.

„Ég fæddist bara með hestaáhugann og hafði þetta einfaldlega í mér,“ segir hún, en fjölskyldan fylgdi fljótt fordæmi hennar og nú eru allir á kafi í hestamennskunni og hafa gaman af.

Seldi hún nýlega hestinn sinn sem hefur fylgt henni síðustu fjögur ár og hyggst fá sér nýjan eftir að barnið kemur í heiminn. „Ég er komin í smá pásu núna og mun ekkert ríða út þar til barnið er fætt,“ segir hún létt í bragði.

Aðalheiður er menntuð sem reiðkennari og tamingamaður frá Hólaskóla og eru framtíðaráætlanir hennar því að sinna hestamennskunni af miklum ákafa.

Hún tók í vetur þátt í Meistaradeildinni, sem er stærsta innanhúshestakeppni á Íslandi og var sýnd í beinni útsendingu á Stöð tvö.

„Maður keppir á hestinum, fer í hringi og sýnir mismunandi gangtegundir og fimm dómara dæma á meðan,“ segir hún, en um tuttugu og fjórir knapar tóku þátt í mótinu. „Ég var mjög ánægð með árangur minn,“ segir Aðalheiður, en þetta var í annað skipti sem hún tók þátt.

Íslendingar Kjartan Gunnar Kjartansson, Pétur Atli Lárusson islendingar@mbl.is  
Ábendingar um brúðkaup, afmæli, barnsfæðingar og önnur tímamót í lífi fólks má senda á netfangið islendingar@mbl.is. Einnig geta þeir, sem óska eftir því að nafn þeirra birtist ekki í þessum dálkum, sent beiðni þar að lútandi á sama netfang.

• Unnið í samvinnu við viðmælendur.

## Albert Imsland, rannsóknastjóri fiskeldis og prófessor – 50 ára



Á Spáni Fjölskyldan í Snæfjöllum (Sierra Nevada). Frá vinstri: Albert, Sóldís Urður, Glódís Björt og Ólöf Dóra.

## Fiskeldisfrömuður

Albert Kjartan Dagbjartarson Imsland fæddist í Árósum í Danmörku 7. júlí 1965. „Foreldrar mínir voru í námi í Danmörku á þessum tíma og ég því getinn og borinn í Danaveldi. Sigldi síðan mína fyrstu sjóferð fjögurra mánaða gamall með Gullfossi og heim. Fyrstu árin átti ég heima á Njálsgötu 16 í sama húsi og afi minn rak tannlæknastofu, en allar götur síðan í Breiðholti. Fyrst í neðra Breiðholti en síðar í Hólaverfinu í efra Breiðholti. Ég gekk í Hólabrekkuskóla og varð stúdent frá Fjölbautaskólanum í Breiðholti 1985 og á því 30 ára stúdentsafmæli á árinu.“

## Áhugamál verður ævistarf

Albert nam líffræði við Háskólann í Bergen og lauk doktorsprófi í fiskeldi þaðan 1997, Cand.scient. prófi í hagnýtri tölfraði frá sama háskóla 2001 og síðan BA-prófi í norsku og sænsku frá HÍ 2006. Albert hefur



Laugarvatnshlaup 2010 Albert stundar langhlaup af miklum mót.

starfað sem rannsóknastjóri fiskeldis hjá norska fyrirtækinu Akvaplan-niva síðan 2001 og sem

prófessor í fiskeldi við Háskólann í Bergen síðan 2003.  
„Á unglingsárunum í Breiðholti



Ókeypis heymarmæling síðan 2004

Beltone First™

## Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone First™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heymarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.



Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrri stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyrja Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

## Nýr borgari



Reykjavík Hendrika Lea Dariusdóttir fæddist 20. mars 2014. Hún vó 4.105 g og var 51 cm löng. Foreldrar hennar eru Rut Jónasdóttir og Darius Dilpsas.

## Börn og brúðhjón

Á opnunni „Íslendingar“ í Morgunblaðinu er sagt frá merkjum viðburðum í lífi fólks, svo sem stórafmælum, hjónavígslum, barnsfæðingum og öðrum tímamótum.




Allir þeir sem senda blaðinu mynd af nýjum borgara eða mynd af brúðhjónum fá fría áskrift að Morgunblaðinu í einn mánuð.

Hægt er að senda mynd og texta af slóðinni [mbl.is/islendingar](http://mbl.is/islendingar) eða á [islendingar@mbl.is](mailto:islendingar@mbl.is)

Morgunblaðið

Úr frændgarði Alberts Kjartans Dagbjartarsonar Imsland



fjótt upp á sig og í ár verða 15 milljónir hrognkelsa settar í kvíar í Norgei til að éta lús af laxi. Svona geta nú hlutirnir gerst hratt þegar „delluhugmynd“ reynist ganga upp. Eða eins og sagt var í Ástriksbókinni góðu: „Áfi Sesars var mórætt hrognkelsi“.

Albert hefur birt yfir 150 ritrýndar vísindagreinar um eldi á sandhverfu, lúðu, sólfúru, þorski, hlýra, sæeyra, bleikju, laxi og hrognkelsi. Hann hefur leiðbeint yfir 35 meistaranemum og 10 doktorsnemum. „Ég er svo heppinn að stór hluti starfs míns er að koma nýjustu rannsóknum í fiskeldi á framfæri við þá sem starfa í greininni og rannsóknunum henni tengdum. Að áhugamál verði að svo gjöfulu ævistarfi er gæfa mín og happ.“

Albert æfir langhlaup, stundar veiðar og útvist og nýtur samveru með vinum og vandamönnum. „Ég er svo heppinn að betri helmingurinn hefur mjög gaman af skotveiði og höldum við því saman til veiða á hverju hausti, en í stangveiðina fæ ég hana, því miður, ekki. Ég hef æft hlaup með hléum frá 11 ára aldri. Með auknum aldri hafa hlaupin verið að lengjast hjá mér. Aðra helgi hleyp ég Laugavegshlaupið í fjórða sinn og nokkrum vikum síðar er það Jökulsárshlaupið og síðan 10 km í Reykjavíkurmaraþoni. Það verða því ekki mikil veisluhöld á afmælisdaginn en ég stefni á að halda ærlega afmælisveislu með ættingjum og vinum í byrjun september.“

Fjölskylda

Eiginkona Albers er Ólöf Dóra Bartels Jónsdóttir, f. 1.7. 1966, stofnerfðafræðingur. Foreldrar hennar eru Henný Bartels, f. 7.4. 1941, fyrrv. deildarstjóri hjá Reiknistofu bankanna, og Jón Erlings Jónsson f. 30.3. 1941, rafvélavirki. Börn Albers og Ólafar eru Glódís Björt Ólafardóttir Imsland, f. 1.6. 2004, nemi við Ölduselsskóla, og Sólís Urður Ólafardóttir Imsland, f. 23.2. 2006, nemi við Ölduselsskóla.

Bræður Albers eru Engilbert Imsland, f. 11.7. 1966, smíðakennari við Hólabrekkuskóla, og Róbert Imsland, f. 15.3. 1971, kjötiðnaðarmaður í Keflavík.

Foreldrar Albers: Dagbjört Svana Engilbertsdóttir, f. 6.1. 1946, smurbrauðsjómfrú og Thorvald Kjartan Imsland, f. 2.2. 1943, kjötiðnaðarmeistari hjá Sláturfélagi Suðurlands í 52 ár, búsett í Hveragerði.

Til hamingju með daginn



Guðlaug Hanna Vilhjálmisdóttir

**30 ára** Gulla er uppalin í Rvík, býr í Kópavogi og er að læra þroskaþjálfarafræði í Háskóla Íslands.

**Maki:** Alexander Baldvin Sigurðsson, f. 1985, tölvunarfræðingur í Háskólanum í Reykjavík.

**Foreldrar:** Vilhjálmur Ragnarsson, f. 1953, kvikmyndaframleiðandi á N-Írlandi, og Ástríður Hannesdóttir, f. 1951, hjúkrunarfræðingur, bús. í Kópavogi.



Þorgerður Anna Björnsdóttir

**30 ára** Anna er fædd í Lundi í Svíþjóð, ólst upp á Akureyri en býr í Reykjavík. Hún er verkefnisstjóri við Konfúsíusarstofnunina í Háskóla Íslands og er meistaranemi í umhverfis- og auðlindafræðum.

**Maki:** Davíð Hólm Júlíusson, f. 1984, vinnur á frístundaheimilinu Hólmaseli.

**Foreldrar:** Björn Sigurðsson, f. 1946, og Guðrún Jónsdóttir, f. 1945.

Jón Einar Björnsson

**30 ára** Jón Einar fæddist í Lundi en býr við Hafnarmatn. Hann er menntaður grafískur hönnuður og er kaffibarþjónn á Kaffihúsinu við Álafoss.

**Maki:** James Merry, f. 1982, listamaður.

**Foreldrar:** Björn Sigurðsson, f. 1946, röntgenlæknir, og Guðrún Jónsdóttir, f. 1945, fyrrv. framhaldsskólakennari við VMA. Þau eru bús. á Akureyri.

90 ára

Ása Guðlaug Stefánsdóttir Guðrún E. Thorlacius

85 ára

Ágúst Þorleifsson Áslaug Hulda Ólafsdóttir Magnús Júlíus Jósefsson Sigurður Jóelsson

80 ára

Bragi Þorbergsson Einar H. Þorsteinsson Garðar Jóhannesson Hreindís Einarsson Jóngeir Guðlaugsson Ólafur Rafn Eggertsson Völundur Guðmundsson

75 ára

Björg Guðnadóttir Einar Brekkan Einar Kristberg Einarsson Jóhanna S. Hermanníusd. Lilja Þorsteinsdóttir Magnús Þórðarson Ólafur Steinþórsson Theódór R. Theódórsson Valgarður Sveinn Hafdal

70 ára

Bryndís Jóhannesdóttir

Erla Aðalsteinsdóttir Guðmundur Ágústsson Gunnar P. Guðjónsson Jóhanna Ingvarsdóttir Óli Jóhann Klein Þorgerður J. Guðmundsd.

60 ára

Erla Kristín Hallsdóttir Erling Ómar Guðmundsson Gréta Elín Sörensen Haraldur G. Hjálmarsson Ingibjörg Kjartansdóttir Ingibjörg Svava Jónsdóttir Ingólfur Jóhannesson Jón Viðar Jónsson Kristín Hilmarsdóttir Lára Árnadóttir Roar Guðmundur Aagestad Sigríður Ingibj. Stefánsd. Sigríður Ingólfssdóttir Sigurlín Auðbjörg Skaftad. Sævar Hjálmarsson Terry Adrian Gunnell Vilhjálmur S. Bjarnason Þuríður Guðný Sigurðard.

50 ára

Elisabet Jónatansdóttir Eyjólfur Orri Sverrisson Guðmundur Bjarni Harðars.

Gunnar Björnsson Gunnar Jón Jónasson Halla Þorgeirsdóttir Heimir Wium Jóhanna Elín Björnsdóttir Jóna Björg Magnúsdóttir Katrín Guðlaugsdóttir Pétur Ingi Jakobsson Ragnhildur Gunnarsdóttir

40 ára

Anna Dóra Frostadóttir Belinda Jarmar Ottósdóttir Berglind Elva Lúðvíksdóttir Börkur Hrafn Birgisson Edda Margrét Guðmundsd. Eyrún Baldursdóttir Fanny Sigurbjörnsdóttir Harpa Hlín Þórðardóttir Kristrún Gunnarsdóttir María Sigurjónsdóttir Sigurbjörg Þorgerðsdóttir Svanhildur Einarssdóttir

30 ára

Katrín Ingólfssdóttir Margrét Þórey Guðnadóttir Ragnhildur B. Guðmundsd. Rúnar Örn Ágústsson Sigríður Bjarney Guðnad.

var aðaláhugamálið skrautfiskarækt. Ég bjó á þessum tíma í foreldrahúsum og í 10 fermetra herberginu holaði ég niður 14 fiskabúrum og rúmu tonni af vatni. Við félagarnir seldum síðan afkrastur ræktunarinnar í búðir í Reykjavík. Það lá því beint við að fara í líf-fræði- og síðan fiskeldisnám. Þannig má segja að áhugamál unglingsins hafi orðið að ævistarfi mínu.

Ég hef kynnst eldi á fjölda tegunda en nýjasta „afurðin“ er eldi á hrognkelsi til aflúsunar á laxi. Það verkefni er mjög skemmtilegt og dæmi um þegar hlutirnir ganga upp. Þetta byrjaði sem umsókn til norska rannsóknaráðsins árið 2010 og hlógu kollegar mínir norskir datt að dellunni í mér enda hrognkelsið ekki líklegur kandidat til að elta lax og éta af honum lús. Þetta vatt hins vegar

Doktor Hoda Thabet

Hoda Thabet hefur verið doktorsritgerð í almennri bókmenntafræði við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Ritgerðin ber heitið: Women in Transition (Konur á tímamótum). Hún samdi ritgerðina á ensku, en hún talar einnig og skrifar arabísku reiprennandi. Það má teljast óvenjulegt að doktorsritgerð um slíkt efni sé skrifuð við Háskóla Íslands. Þetta er einnig fyrsta doktorsritgerðin sem rituð er í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands.

Ritgerðin fjallar um arabískar kvennabókmenntir og þátt þeirra í að brjóta af sér fjötra feðraveldisins í heimi þar sem konur eru ekki aðeins kúgaðar af körlum heldur verða einnig að takast á við styrjaldir og afleiðingar þeirra. Bókmenntafræðilega snýst kenning hennar um nýstárlega beitingu hins háleita („the sublime“) í arabískum kvennabókmenntum á síðari hluta tuttugustu aldar, einkum í skáld-



verkum Hanan al-Shaykh), Naúal El-Saddaúí (e. Nawal El-Saddawi) og Gada Samman (e. Ghada Samman). Hoda kannar hvernig höfundarnir snúa hinum hefðbundnu hugmyndum um hið háleita á hvolf og ögra þannig aldagamalla túlkun feðraveldisins.

Hoda Thabet fæddist á Indlandi, en er af írönskum uppruna. Hún lauk BA-prófi í arabísku og arabískum bókmenntum frá Jórdaníuháskóla og MA-prófi frá School of Oriental and African Studies við Lundúnaháskóla. Hún hefur kennt námskeið í arabískum bókmenntum við Háskóla Íslands og hefur unnið fyrir velferðaráðuneytið í málefnum flóttakvenna og -barna. Hoda Thabet er stofnandi og formaður samtakanna O.M.A.N.B.A.H.A.I. Tilgangur félagsins er að stuðla að eflingu menntunar meðal allra þjóða og sér í lagi að hvetja konur og börn til að beita hæfileikum sínum í þágu friðar, öryggis og velferðar mannkyns. Félagið er ekki rekið í hagnaðarskyni og hefur engin formleg tengsl við stjórnmál af neinu tagi. Aðrir í stjórn samtakanna eru Kristín Svanhildur Ólafsdóttir og Guðbjörg Ottósdóttir.

**Magic Sand**  
Heitasta æðið í heiminum í dag

**Nú á Íslandi**

Flottir litir, skapandi og skrautlegt

UMBOÐSAÐILI:  
**DANCO**  
HEILDVERSLUN  
www.danco.is